

Samsteypa

Tækniblað/Notkunarleiðbeiningar



Eiginleikar

Notkunarvið: Samsteypa er blanda sem rýrnar lítið við hörðnun. Efnið er ætlað til að þetta milli byggingahluta og fl. í stein/klöpp og steypu. Efnið er hægt að nota bæði úti og inni.

Efniseiginleikar: Samsteypa er sementsbundið efni og er tilbúið til notkunar, aðeins þarf að bæta í það réttu magni af vatni. Blandan verður seigfljótandi við hrærslu og er því auðvelt að hella blöndunni í rými. Blandan byrjar að harðna eftir um 120 – 180 mínútur við 20°C, frá því hún er hrærð með vatni.

Tæknilegar upplýsingar

Þurrefnisþörf	1900 kg/m ³	Mesta kornastærð	8,0 mm
Vatnsþörf	0,16 l/kg	Brunaflokkur	Óbrennanlegt

Meðal þrýstipól 24 klst	10,0 MPa	ÍST EN 1015-11:1999
Meðal þrýstipól 28 daga	45,0 MPa	ÍST EN 1015-11:1999
Meðal beygjutogpól 28 daga	7,0 MPa	ÍST EN 1015-11:1999
Meðal blaut rúmpyngd blöndu	2200 kg/m ³	

Forvinna

Undirlagið verður að hafa viðunandi festu og vera laust við öll óhreinindi sem geta veikt viðloðun blöndunar við undirlagið. Hreinsa þarf burt fjölliðu bundna málningu, olíu, alla fitu, ryk, laust yfirborð, klepra og annað því um líkt. Best er að festifletir séu rakamettaðir en samt yfirborðs þurrir. Æskilegt er að grunna undirlag með ÍMÚR Múrgrunni þar sem það er hægt.

Ef grunnað er með ÍMÚR Múrgrunni þarf grunnurinn að taka sig vel eða þorna áður en helt er að þeim. Gleypna fleti getur þurft að grunna tvisvar. Grunnurinn þarf að þorna milli umferða. Ekki má líða meira en 24 klst frá því að grunnur er borin á þar til múr er settur á flötinn, annars þarf að grunna aftur.

Notkun

Hitastig: Blönduna á ekki að nota við hitastig undir +5°C eða yfir +25°C.

Blöndun: Eins og alltaf, þarf að miða múrvinnu við ytri aðstæður. Þurrefninu skal blanda saman við kalt, hreint vatn. Þegar unnið er við lágt hitastig eða til að flýta fyrir hörðnun má nota volgt vatn. Blandan er hrærð þar til hún er orðin kögglalaus og skal hellt strax í rýmið sem fylla á.

Vinnsla/dæling: Ekki skal nota meira vatn við blöndun en þjálni krefst.

Áður en vinna hefst þarf að aðgæta hvort blöndunar- og dælubúnaður sé hreinn og virki rétt. Ef svo er ekki þarf að gera lagfæringar áður en dæling hefst. Æskilegt er að nota slöngupversnið 35 mm. Blandan er gróf og hentar því ekki að nota hefbundnar múrdælur

(með snigli og fóðringu) fyrir þessa blöndu. Hafa verður þetta í huga við notkun. Ef hrærð blandan er látin bíða of lengi í slöngum, getur verið erfitt að ná blöndunni af stað aftur, þegar dæling hefst að nýju. Sérstaklega þarf að hafa þetta í huga þegar lofthitastig á notkunarstað er hátt eða þegar sól skín á dæluslöngu.

Samsteypu er hægt að nota við hitastig niður í allt að +2°C, séu festingar og festifletir hitaðir og volgt vatn notað við blöndun. Hlúa verður að múrnum með viðeigandi hætti á eftir.

Eftirfarandi þarf að hafa í huga, þegar blöndunni er dælt í gegnum slöngur.:

- Minnsta slönguþversnið (innanmál) er 50 mm.
- Dælubúnaður þarf að henta blöndu með 8 mm kornastærð og úttaksstútur dælnnar þarf að vera minnst 50 mm í þvermál (innanmál).
- Ef notaðar eru öflugar dælur með mikil dæluafköst (> 80 lítra á mínútu) þarf að huga að hvort blandan sé ekki einsleit þegar hún flæðir úr slöngunni. Hraði í slöngum fer eftir dæluafköstum og þversniði slöngunnar, sem notuð er.
- Forðast skal að láta blönduna falla um of, t.d. í háum mótum. Þræða þarf slönguna ofan í mótið og draga svo upp eftir því sem fyllist í mótið.

Hreinsun

Strax eftir notkun skal þrifa tækjabúnað, verkfæri og áhöld upp úr vatni.

Þökkunarstærðir

Umbúðastærð er 25 kg poki.

Geymsla

Samsteypu á að geyma á þurrum og frostfríum stað. Geymsluþol blöndu er um 18 mánuðir frá þökkunardegi sem merktur er á umbúðir.

Öryggisupplýsingar

Sementsblönduð efni hafa basíska verkun og leysa því upp húðfitu. Verja skal húð og augu með viðeigandi hlífðarbúnaði. Í öllum BM-Vallá blöndum er járnsúlfat til varnar krómexemi.

Sérstakar upplýsingar

Ekki má nota vöruna á annan hátt eða við aðrar aðstæður en tekið er fram á ofangreindu tækniblaði, án samráðs við BM-Vallá. Tilgangur tækniblaðsins er að tryggja að efnið sé notað við réttar aðstæður og á réttan hátt.

Ef nýtt tækniblað er gefið út, glata allar fyrri útgáfur gildi sínu.